



Nefndarsvið Alþingis  
við Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13.12.2012  
Tilvísun: 201212-0013

**Efni: 495. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, vegna frítekjumarka öryrkja.**

Alþýðusambandið hefur farið yfir umrætt frumvarp um framlengingu á bráðabirgðaákvæði laga um almannatryggingar frá 2008 þannig að fjárhæð frítekjumarks vegna atvinnutekna örorkulífeyrisþega við útreikning tekjutryggingar og heimilisuppbótar haldist óbreytt á árinu 2013. Verði frumvarpið ekki samþykkt mun þetta frítekjumark lækka úr núverandi 109 þús.kr. á mánuði í ríflega 27 þús.kr., sem er sama frítekjumark og ellilífeyrisþegar búa við.

Alþýðusambandið gerir ekki athugasemd við samþykkt þessa frumvarps en vill engu að síður vekja athygli Alþingis á tvennu.

Í fyrsta lagi er óskiljanlegt hvers vegna þetta ákvæði er ekki fest inn í löginn í stað þess að hafa þetta sem bráðabirgðaákvæði árum saman, sem hlýtur að teljast bæði óeðlilegt og lítt til þess fallið að skapa nauðsynlega festu og öryggi í afkomu öryrkja. Alþýðusambandið telur í sjálfu sér eðlilegt að öryrkjar búi við hærri frítekjumörk vegna tekna en t.d. ellilífeyrisþegar vegna þess að almannatryggingar hljóta eðli málsins samkvæmt að byggjast á lágmarksviðmiðunum og því mikilvægt að bæði atvinnuþátttaka að hluta eða önnur bótakerfi geti aukið ráðstöfunartekjur öryrkja og þar með gert þeim betur kleyft að byggja upp eðlilegt fjölskyldulíf. Það er hins vegar bæði óskiljanlegt og ósanngjarnt hvers vegna sama frítekjumark er ekki látið gilda fyrir örorkubætur lífeyrissjóða, því afleiðingin er að þrátt fyrir að öryrkjar búi að mikilvægum réttindum í lífeyrissjóðum gagnast það ekki til að auka lífskjör þeirra heldur draga úr útgjöldum ríkisins. Minna má á að íslenska lífeyriskerfið byggir á mikilvægri sátt á milli löggjafarvaldsins og aðila vinnumarkaðar sem mikilvæg stoð í heildstæðu kerfi elli- og áfallatrygginga sem á að leiða til betri réttinda launafólks. Því leggur ASÍ til að ákvæðið verði fest í lögum og látið ná til greiðslna örorkulífeyris frá lífeyrissjóðum.

Í öðru lagi er einnig rétt að benda á að laun hafa hækkað nokkuð undanfarin ár en frítekjumarkinu verið haldið óbreyttu frá 1. janúar 2009. Þannig hafa lágmarkslaun hækkað um 29% á þessum tíma og almenn laun um 24%. Þegar frítekjumarki er haldið óbreyttu á sama tíma og kaupgjald hækkar skerðast bætur almannatrygginga og jafngildir í raun viðbótarskattþrepi sem dregur verulega úr hvata þessara einstaklinga af því að sækja launaða vinnu eða ýtir þeim í vaxandi mæli út í svarta atvinnustarfsemi.

Með kveðju,

Gylfi Arnbjörnsson  
Forseti ASÍ